




Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun:

21. ágúst — 25. maí

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga - Sunnudaga	kl. 10 - 18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Apríl 2018

ÍBÚAFUNDUR

*Íbúafundur verður haldinn í
Félagsheimilinu Borg þriðjudaginn
17. apríl n.k. kl. 19.30*

Dagskrá:

- 1. Staða endurskoðunar aðalskipulags*
- 2. Deiliskipulag Borgarsvæðisins*





FUNDARGERÐ.

427. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 7. mars 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Harðar Óla Guðmundssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Í upphafi fundar minntist sveitarstjórn Böðvars Pálssonar fyrrverandi oddvita og sveitarstjórnarmanns sem lést laugardaginn 3. mars s.l.

Oddviti leitar afbrigða

a) Umferðaröryggismál við Kerið.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. febrúar 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. febrúar 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 151. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 22. febrúar 2018.

Mál nr. 5, 6 og 12 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 151. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 22. febrúar 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 5: 1802028 - Sólbrekka: Frístundabyggð: Syðri-Brú: Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn Sumarhúsafélagsins Sólbrekku, dags.

12. febrúar 2018 um deiliskipulag frístundahúsa svæðis úr landi Syðri-Brúar, sem í aðalskipulagi er merkt sem F14a. Jafnframt er lögð fram tillaga að lýsingu deiliskipulagsins. Þar kemur m.a. fram að um er að ræða deiliskipulag svæðis sem er um 36 ha að stærð og byggðist upp að mestu á 8. - og 9. áratug síðustu aldar. Helstu markmið deiliskipulagsins eru m.a. að staðfesta lóðarmörk innan svæðis, setja samræmda byggingarskilmála auk þess sem gert er ráð fyrir að bæta við 10 nýjum lóðum.



Starfsfólk óskast

Starfsfólk óskast til starfa við Íþróttamiðstöðina Borg.

Vantar starfsmann í sumarstarf í 100% stöðu

Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns

Íþróttamiðstöðvarinnar á Borg.


Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2018

Einnig vantar kvenkyns starfskraft í vinnu aðra hverja helgi fram á sumar.

Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir

Netfang: rut@gogg.is

eða í síma 899-8841 og 480-5530



Hundaeigendur athugið

Samkvæmt samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 60/2012 eiga allir hundar í sveitarfélaginu að vera skráðir á skrifstofu sveitarfélagsins og jafnframt eiga þeir að vera örmerktir, ormahreinsaðir og bólusettir.

Af gefnu tilefni vil ég minna hundaeigendur á að **lausaganga hunda** í sveitarfélaginu er **bönnuð** skv. sömu samþykkt og er handsömunargjald kr. 10.000,- í hvert skipti skv. gjaldskrá um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 141/2012.

Samþykktina og gjaldskrána er hægt að lesa inn á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is

Nýverið var ráðinn hundafangari, Kristján E. Jónsson, fyrir sveitarfélagið og er fólk vinsamlegast beðið að snúa sér til hans ef vart verður við lausagöngu hunda.

Síminn hjá Kristjáni er 863-7149

Sveitarstjóri



Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga auk þess sem hún verður send Skipulagsstofnun til umsagnar.

Mál nr. 6: 1802030 - Nesjavellir: Efnistaka við Stangarháls: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn Vegagerðarinnar, dags. 31. janúar 2018 um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku við Stangarháls á Nesjavöllum. Gert er ráð fyrir að taka allt að 25.000 m³ úr námunni og nýta í endurbyggingu Grafningsvegar. Þar sem fyrirhuguð efnistaka úr þessari námu er orðin meiri en 50.000 m³ þarf að tilkynna hana til Skipulagsstofnunar í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Afgreiðslu málsins er frestað þar til niðurstaða í því ferli liggur fyrir.

Mál nr. 12: 1802002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 18- 73.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. febrúar 2018.

b) Fundargerð 50. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 22. febrúar 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 22. febrúar 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Lántaka stofnana Héraðsnefndar Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Grímsnes- og Grafningshreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð á sínum hluta vegna lántöku eftirfarandi stofnana Héraðsnefndar Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga, sem skiptist á eftirfarandi stofnanir:

<i>Brunavarnir Árnessýslu</i>	<i>að fjárhæð 15.900.000 kr.</i>
<i>Byggðasafn Árnesinga</i>	<i>að fjárhæð 14.300.000 kr.</i>
<i>Héraðsskjalasafn Arn.</i>	<i>að fjárhæð 10.700.000 kr.</i>
<i>Listasafn Árnesinga</i>	<i>að fjárhæð 4.300.000 kr.</i>
<i>Tónlistarskóli Árnesinga</i>	<i>að fjárhæð 22.100.000 kr.</i>

til allt að 40 ára. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnessýslu, Byggðasafni Árnesinga,

Héraðsskjalasafni Árnesinga, Listasafni Árnesinga og Tónlistarskóla Árnesinga. Grímsnes- og Grafningshreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að ganga frá uppgjöri við Brú lifeyrissjóð vegna breytinga á A-deild sjóðsins sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnessýslu, Byggðasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Tónlistarskóla Árnesinga til að breyta ekki ákvæði samþykktar stofnananna sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Grímsnes- og Grafningshreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnessýslu, Byggðasafni Árnesinga, Héraðsskjalasafni Árnesinga, Listasafni Árnesinga og Tónlistarskóla Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Grímsnes- og Grafningshreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Ingibjörgu Harðardóttur kt. 020371-4639, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.


4. 1701063 - Tjarnholtsmýri 1-15 (oddatölur): Bjarnastaðir 1: Breytt notkun lóða: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram að nýju tillaga að endurskoðun deiliskipulags lóða við Tjarnholtsmýri úr landi Bjarnastaða með visun í fyrra erindi þar sem óskað var eftir að lóðunum verði breytt í smábýli. Er svæðið í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa breytt deiliskipulag og jafnframt að sent verði erindi á alla lóðarhafa á svæðinu vegna þessa.

5. Bréf frá verkefnastjórum DMP á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins við drögum að Afangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi.

Fyrir liggur bréf frá verkefnastjórum DMP á Suðurlandi, Laufey Guðmundsdóttur og Önnu V. Sigurðardóttur, dagsett 23. febrúar 2018 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins við drögum að Afangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi. Áætlunin lögð fram til kynningar.



BORG Í SVEIT

2. júní

ALVÖRU SVEITADAGUR

Taktu daginn frá

Laugardaginn 2. júní verður viðburðurinn **Borg í sveit** – alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi haldinn í fjórða skipti.

Þann dag munu bændur og búalið, fyrirtæki og sumarhúsaeygendur í sveitarfélaginu taka höndum saman, hafa opið hjá sér og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn.

Viltu vera með og bjóða fólki heim? Langar þig að sýna þig og sjá aðra? Ertu með fyrirtæki sem þú vilt koma á framfæri? Hefur þú gaman af að fá gesti? Ef þú svarar einhverri þessara spurninga játandi þá hvetjum við þig til að skrá þig og vera með okkur á þessum skemmtilega degi.

Skráningu líkur 25. apríl 2018

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að taka þátt að skrá sig í gegnum tölvupóst á **gerdur@gogg.is**.

Nánari upplýsingar á www.gogg.is og á facebook undir Borg í sveit.

Kveðja, íbúar og fyrirtæki í Grímsnes- og Grafningshreppi




[www.facebook.com/Borg í sveit](https://www.facebook.com/Borg%20%C3%AD%20Sveit)

www.gogg.is



Karlakór Hreppamanna Vortónleikar 2018

Lög úr íslenskum kvikmyndum



Einsöngur: Kristjana Stefánsdóttir

Píanó: Vignir Þór Stefánsson

Bassi: Jón Rafnsson

Trommur: Erik Qvick

Stjórnandi: Guðmundur Óli Gunnarsson

Tónleikar kórsins verða sem hér segir:

Fimmtudaginn 19. apríl kl. 20:00 í Guðríðarkirkju

Föstudaginn 20. apríl kl. 20:00 í Selfosskirkju

Laugardaginn 21. apríl kl. 20:00

í Félagsheimilinu á Flúðum

6. **Bréf frá Landgræðslu ríkisins vegna afgreiðslu umsóknar Grímsnes- og Grafningshrepps til Landbótasjóðs 2018.**
Fyrir liggur bréf frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 12. febrúar 2018 þar sem Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 310.000 úr Landbótasjóði Landgræðslunnar. Bréfið lagt fram til kynningar.
7. **Úrskurður Yfirfasteignamatnefndar í máli nr. 13/2017, Ásabraut 2-4, Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Fyrir liggur úrskurður Yfirfasteignamatnefndar frá 20. febrúar s.l. í máli nr. 13/2017 vegna kæru eigenda Ásabrautar 2-4, Grímsnes- og Grafningshreppi um álagningu fasteignaskatta. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.
8. **Fundargerð 857. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23. febrúar 2018.**
Lögð fram fundargerð 857. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23. febrúar 2018 ásamt bréfi frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 1. mars 2018. Samkvæmt bókun stjórnar sambandsins kemur fram að lagt hafi verið fram svar formanns stjórnar sambandsins. Væntanlega er átt við tölvupóst dags. 8. febrúar 2018 frá formanni stjórnar sambandsins sem er eftirfarandi:
„Takk fyrir að upplýsa um þessa bókun. Athugasemdir um hæfi eru vegna starfa í endurskoðunarnefnd. Framkvæmdastjórinn er ekki stjórn lífeyrissjóðs. Það sem ég skil ekki alveg er að sveitarstjórn skuli gera athugasemd við að bókun hennar sé send til sveitarfélaga með skýringum framkvæmdastjóra. Bókun sveitarstjórnar frá 24. janúar sl. er opinber og má lesa á vef sveitarfélagsins. Því má fjalla um hana í fjölmiðlum eða hverjum þeim hætti sem hver og einn kys að gera. Með góðri kveðju.

Halldór Halldórsson
formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga“

Sveitarstjórn lýsir furðu á að formaður úrskurði um hæfi framkvæmdastjóra án þess að taka það fyrir formlega á stjórnarfund. Einnig er skýring formanns á erindi Grímsnes- og Grafningshrepps á misskilningi byggð þar sem gerðar voru athugasemdir við að bréf sem stílað er á sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps og afrit á Lífeyrissjóðinn Brú skuli sent á öll sveitarfélög landsins og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna.

9. **Tölvupóstur frá Gunnari Gunnarssyni, íþrótt- og heilsufræðingi þar sem kannað er hvort sveitarfélagið hafi hug á að sækja um þátttöku í verkefninu „Heilsuefandi samfélag“.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Gunnari Gunnarssyni, íþrótt- og heilsufræðingi, dags. 20. febrúar 2018 þar sem kannað er hvort sveitarfélagið hafi hug á að sækja um þátttöku í verkefninu „Heilsuefandi samfélag“. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og oddvita falið að afla frekari gagna.
10. **Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna á Minni-Borg, lóð 4.**
Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna á Minni-Borg, lóð 4, dagsett 5. febrúar 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.
11. **Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna á Minni-Borg, lóð A.**
Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna á Minni-Borg, lóð A, dagsett 5. febrúar 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.
12. **Bréf frá Landssamtökum landeigenda á Íslandi vegna aðalfundar félagsins.**
Fyrir liggur bréf frá Landsambandi landeigenda á Íslandi þar sem boðað er til aðalfundar og málþings, fimmtudaginn 15. mars n.k. á Hótel Sögu. Bréfið lagt fram til kynningar.
13. **Tölvupóstur frá Karli Björnssyni, framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem vakin er athygli sveitarfélaga á að skila inn umsögn til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarps til breytinga á mannvirkjalögum.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Karli Björnssyni, framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. febrúar 2018 þar sem vakin er athygli sveitarfélaga á að skila inn umsögn til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarps til breytinga á mannvirkjalögum. Jafnframt er lagt fram minnisblað um forsögu málsins ásamt tillögum til umræðu. Sveitarstjórn vísar málinu til skipulagsnefndar.
14. **Bréf frá Eyjólf B. Eyjólfssyni, verkefnisstjóra NKG þar sem kynnt er nýsköpunarkeppni grunnskólanna.**
Fyrir liggur bréf frá Eyjólf B. Eyjólfssyni, verkefnisstjóra NKG, dagsett 15. febrúar 2018 þar sem kynnt er nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Bréfið lagt fram til kynningar.



ÍÞRÓTTASKÓLI/ OPINN FJÖLSKYLDUTÍMI

Ungmennafélagið Hvöt byrjar aftur með íþróttaskóla fyrir leikskólabörn og opinn fjölskyldutíma laugardaginn 7. apríl.

Tímarnir verða alla laugardaga út maí og kosta ekkert fyrir félagsmenn í Hvöt (hægt að skrá sig í félagið á staðnum).

Kl. 10-11 – leikskólabörn í fylgd með foreldrum

Kl. 11-12 – fjölskyldutími þar sem börn og foreldrar koma saman.

Hlökkum mikið til að sjá ykkur,
Stjórnin



Verzlunin



Opið;

mánudaga - fimmtudaga
10:00 til 18:00
föstudaga - sunnudaga
10:00 til 20:00

Verið velkomin heitt á könnunni
S: 486-4408

**Verzlunin Borg óskar eftir að ráða
sumarstarfsfólk.
Uppl. gefur Radda í síma 891-7782**

Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Apríl 2018



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
5. apríl	6. apríl Brautarholt 18:00-20:30	7. apríl Reykholt 18-21
12. apríl Laugarvatn 18:00-20:30	13. apríl Flúðir 18-21	14. apríl Lokað í dag
19. apríl Sumardagurinn fyrsti	20. apríl Árnes 18:00-20:30	21. apríl Reykholt 18-21
26. apríl Laugarvatn 18:00-20:30	27. apríl Flúðir 18-21	28. apríl Borg 18:00-20:30

15. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til sveitarstjórnarlaga, (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 190. mál.
Frumvarpið lagt fram til kynningar.

16. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á þingsályktunartillögu um bættu stjórnsýslu í umgengismálum, 90. mál.
Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

17. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.
Sveitarstjórn gerir athugasemdir við A hluta, almenn atriði en þar kemur fram í lið nr. 4 „ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið“ Skýra þarf hvað er átt við með orðinu hálendi en það kemur ekki fram í lögum nr. 65/2003. Nauðsynlegt er að tryggja orkuöryggi um allt land.

18. Annáll ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu.
Fyrir liggur annáll frá ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu, Ásborgu Arnþórsdóttur um störf sín á árinu 2017. Annállinn lagður fram til kynningar.

19. Stefnumótunar- og leiðbeiningarrit Landverndar „Virkjun vindorku á Íslandi“.
Fyrir liggur stefnumótunar- og leiðbeiningarritið „Virkjun vindorku á Íslandi“ sem gefið er út af Landvernd. Ritið lagt fram til kynningar.

20. Önnur mál.

a) **Umferðaröryggismál við Kerið.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Péttri Inga Haraldssyni skipulagsfulltrúa, dags. 5. febrúar 2018 þar sem óskað er eftir tillögum Vegagerðarinnar um mögulegar úrbætur á grundvelli umferðaröryggis. Sveitarstjórn lýsir yfir miklum áhyggjum vegna umferðaröryggismála við Kerið þar sem umferð hefur aukist verulega.

Til kynningar

- ✓ Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga, 27. febrúar 2018.
- ✓ Fundargerð 188. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 27. febrúar 2018.

- ✓ Hestamannafélagið Trausti, ársreikningur og ársskýrsla 2017.
- ✓ Geðvernd, tímarit Geðverndarfélags Íslands, 1. tbl. 46. árg. 2017.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:20



Atvinna

Grímsnes– og Grafningshreppur auglýsir eftir
sumarstarfsmanni. Starfið felst í umsjón með
unglingavinnu, aðstoð í Áhaldahúsi
og ýmislegu tilfallandi.

Viðkomandi þarf að hafa bílpróf.

Umsóknarfrestur er til 22. apríl n.k.
nánari upplýsingar í síma 480-5500
umsóknum skal skilað skriflega á skrifstofu
sveitarfélagsins eða með tölvupósti á netfangið
gogg@gogg.is



*Vorið og
sumarið
á næsta
leyti :)*




Opið alla virka daga frá 10-16
Sími 669-0108.

SaumaKompan

Kringlu Grímsnesi

*Fataviðgerðir,
gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*
Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515



Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Trjáskurlun
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi



FUNDARGERÐ.

428. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 21. mars 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ingibjörg Harðardóttir

Auður Gunnarsdóttir í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Harðar Óla Guðmundssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. mars 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. mars 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 14. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 13. mars 2018.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 14. fundargerð samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 13. mars 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Úthlutun vegstyrkja til frístundabyggða.

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um vegbætur í frístundabyggð voru teknar fyrir umsóknir félaga frístundabyggða og sumarhúsaeiganda þar sem óskað er

eftir styrk til vegabóta. Höfð var hliðsjón af úthlutun síðustu ára, aldur svæðanna og fjölda lóða og húsa á svæðunum. 18 umsóknir bárust og sveitarstjórn samþykkir samhljóða að eftirtaldir aðilar fái styrki til vegabóta árið 2018, samtals að fjárhæð kr. 1.800.000.

Félag frístundahúsalóðaeigenda Hæðarbrúna í Grímsnesi	50.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda í Lyngmóum	50.000 kr.
Þrastaungarnir	50.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda Þórðsstöðum	50.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda við Kjarrmóa	50.000 kr.
Sumarhúsaeygendi Viðihlið	100.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda í Kerengi	100.000 kr.
Félag sumarbústaðaeigenda við 5. braut	100.000 kr.
Félag land- og frístundahúsaeygenda við A og B götu úr Norðurkotslandi	100.000 kr.
Félag sumarhúsalóðaeigenda við Þórsstíg	100.000 kr.
Félag sumarbústaðaeigenda Villingavatni	100.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda í Öldubýggð	100.000 kr.
Bakkabýggð, félag í frístundabýggð	100.000 kr.
Félag sumarhúsaeygenda í Oddsholti	150.000 kr.
Selkhóll, félag sumarhúsaeygenda	150.000 kr.
Félag sumarbústaðaeigenda í Norðurkotslandi	150.000 kr.
Öndverðanes ehf.	150.000 kr.
Sumarhúsaeygendi Hestvík	150.000 kr.

b) Fundargerð 152. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 8. mars 2018.

Mál nr. 13 og 14 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 152. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 8. mars 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Foreldrasveitin

Samstarfsvettvangur foreldrafélaganna í uppsveitum og Flóanum



Börn og snjalltæki

Fundur foreldrafélaga um snjalltækjanotkun barna og unglunga, sérfræðingar koma og segja frá nýjustu rannsóknum.

Fyrirlesarar:

Björn Hjálmarsson, barnalæknir á BUGL ræðir um tölvu- og snjalltækjanotkun barna og unglunga.

Arna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og svefnráðgjafi á LHS ræðir um snjalltækin og svefninn.

Jana Lind Ellertsdóttir, fulltrúi ungmennaráðs ræðir um upplifun unga fólksins af snjalltækjum.

Heiða Ösp Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi hjá Árborg ræðir um samveru á tímum snjalltækja.

Foreldrar eru hvattir til að mæta og taka unglingana sína með. Snjalltækin eru að verða stærri og stærri partur af daglegu lífi okkar og barna okkar og því mikilvægt að átta sig á því hvernig best er að umgangast þau.

Aratungu, Reykholti • 12. apríl 20:00-22:00 • Ókeypis aðgangur

Snjalltæki og unga fólkið okkar

Sameiginlegur fundur foreldrafélaganna í Kerhólsskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni, Bláskógaskóla Reykholti, Flúðaskóla, Flóaskóla, Menntaskólanum á Laugarvatni og leikskólanna á svæðinu verður haldinn þann 12. apríl klukkan 20:00. Fundurinn markar upphaf að samstarfi félaganna sem verður vonandi til þess að efla þau öll og foreldrana sem að þeim standa.

Ákveðið var af undirbúningshópnum að halda fyrsta sameiginlega fundinn um snjalltæki og notkun þeirra. Þetta málefni hefur brunníð á foreldrum í nokkurn tíma og helst í hendur við stóraukna notkun þessara tækja. Margir foreldrar eru áhyggjufullir og hafa orðið varir við þær neikvæðu hliðar sem að þessum tækjum fylgja. Á sama tíma er ljóst að þau eru komin til að vera og því þarf að huga að því hvernig við umgöngumst tækin, hvaða reglur eiga að gilda og hvernig nálgumst við þau á skynsamlegan hátt.

Til að hjálpa foreldrum að átta sig betur á þessum málum blása því félögin til fundar. Samráðshópurinn hefur gefið þessu samstarfi nafnið Foreldrasveitin og vísar þannig til þess umhverfis sem við búum í en einnig til þess að með því að fylkja liði þá er hægt að gera fullt af jákvæðum breytingum í krafti samstöðu og fjölda.

Á fundinn mæta sérfræðingar á þessu sviði og segja foreldrum frá því hvaða áhrif tækin geta haft og hvernig við getum brugðist við til að ná sem bestum árangri og forðast neikvæð áhrif. Allir foreldrar eru í sömu sporum hvað varðar þessi tæki þar sem þau eru ný og að sækja í sig veðrið. Fyrirlesararnir okkar munu því reyna að svara spurningum eins og hvaða áhrif hafa þessi tæki í raun og veru, hvað þarf að varast og hvernig eigum við að nálgast þau á jákvæðan hátt.

Fyrirlesarar eru Björn Hjálmarsson, læknir á BUGL, Arna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og svefnráðgjafi, Jana Lind Ellertsdóttir, fulltrúi í Ungmennaráði og Heiða Ösp Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi hjá Árborg. Þau flytja erindi sem snúa að tækjunum, notkun þeirra, umgengni og upplifun.

Undirbúningshópurinn vonast til að sjá sem flesta á fundinum þann 12. apríl í Aratungu Reykholti. Fundurinn er opin öllum hvort sem þeir eru á svæðinu eða í nærsveitum. Sérstaklega eru foreldrar hvattir til að koma og taka unglingana sína með sér. Allir ættu að geta nýtt sér þær upplýsingar sem fram koma.

Sjáumst þann 12. apríl klukkan 20:00 í Aratungu.

Mál nr. 13: 1803020 - Frumvarp til breytinga á mannvirkjalögum: Tillögur til umfjöllunar: Umsagnarbeiðni.

Lagt fram frumvarp til breytinga á mannvirkjalögum sem varðar stjórnarsýslu við mannvirkjagerð o.fl. Þá er jafnframt lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. febrúar 2018 um frumvarpið. Byggingarfulltrúa falið að vinna greinargerð vegna athugasemda við breytingar á mannvirkjalögum.

Mál nr. 14: 1802005F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 18- 74.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 28. febrúar 2018.

c) Fundargerð 26. fundar Skólapjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 6. mars 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Staða endurskoðunar aðalskipulags.

Farið var yfir stöðu á endurskoðun aðalskipulagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda íbúafund í Félagsheimilinu Borg þann 17. apríl n.k. um stöðu aðalskipulagsins og um deiliskipulag Borgarsvæðisins.

4. Bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur þar sem óskað er eftir að deiliskipulagi verði breytt fyrir Skyggisbraut 2a og 2b.

Fyrir liggur bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur, dagsett 25. febrúar 2018 þar sem óskað er eftir að deiliskipulagi verði breytt fyrir Skyggisbraut 2a og 2b. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur sveitarstjóra / oddvita að afla frekari gagna.

5. Bréf frá Björgvini Magnússyni þar sem óskað er leiðréttingar á fasteignagjöldum.

Fyrir liggur bréf frá Björgvini Magnússyni, dagsett 1. mars 2018 þar sem óskað er leiðréttingar á fasteignagjöldum, þ.e. úr C-flokki í A-flokk. Eignin hefur verið með rekstrarleyfi en leyfið fékkst ekki endurnýjað s.l. haust þar sem ekki er hægt að veita rekstrarleyfi á lóð í skipulagðri frístundabyggð. Eignin var hins vegar auglýst til útleigu áfram og auglýsingasiðum ekki lokað fyrr en í byrjun mars 2018. Samkvæmt nokkrum úrskurðum Yfirfasteignamatsnefndar skal skattleggja eignir sem auglýstar eru til útleigu í fasteignaskattsflokki C. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að eignin verði skattlögð í flokki C þar til auglýsingum á vefmiðlum var lokað, þ.e. eignin fer í skattflokk A frá 1. mars 2018.

6. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna á Brúarlandi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna á Brúarlandi, dagsett 1. mars 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Tölvupóstur frá Verkefnisstjórn „Umhverfis-Suðurland“ þar sem óskað er eftir tengilið við sveitarfélagið.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Verkefnisstjórn „Umhverfis-Suðurland“, dags. 12. mars 2018 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni tengilið við verkefnið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Hörður Óli Guðmundsson verði tengiliður sveitarfélagsins.

8. Tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra SASS, Bjarna Guðmundssyni vegna smávirkjana á Suðurlandi ásamt skýrslu.

Fyrir liggur tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra SASS, Bjarna Guðmundssyni, dags. 13. mars 2018 þar sem verið er að kanna mögulega virkjanakosti á Suðurlandi sem eru minni en 10 mw. Jafnframt er lögð fram stöðuskýrsla Orkustofnunar frá janúar 2018. Lagt fram til kynningar.

Aðalfundur Skógræktarfélags Grímsness

verður haldinn á Seli fimmtudaginn
12. apríl kl. 20.00.

Hefðbundin dagskrá.

Mætum vel og tökum með okkur gesti.
Nýir félagar velkomnir.



Stjórn Skógræktarfélagsins



Grímsnes- og Grafningshreppur

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

KÓTILETTUKVÖLD

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður auglýsir kótilettukvöld
á Minni-Borgum föstudaginn 20. apríl kl.19:30.
Verð 3.800,- kr. á mann (sama verð og 2017)

Barinn opinn og bjór á tilboði.

Bjarni Harðarson segir sögur úr sveitinni.

Seldir verða happdrættismiðar með glæsilegum

vinningum. Miðinn kostar kr. 500,-

Vinsamlegast pantið í síðasta lagi þriðjudaginn

17. apríl hjá Gústa á Stærri-Bæ í síma 863-9131

Allir velkomnir á notalega samverustund.

Með kveðju frá Lionsmönnum



9. Beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytis um umsögn á drögum að breytingu á reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð.

Drögin lögð fram til kynningar.

10. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á þingsályktunartillögu um aðgengi að stafrænum smíðjum, 236. mál.

Sveitarstjórn hvetur til þess að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

11. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á þingsályktunartillögu um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

12. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum), 178. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

13. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Þjóðskrá Íslands, 339. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 – 2024.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

15. Beiðni Dómsmálaráðuneytis um umsögn á frumvarpi til laga um persónuvernd.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

Til kynningar

✓ SASS. Fundargerð 530. stjórnarfundar 02.03 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:35

Starfskraftur óskast við Félagslega heimþjónustu

Velferðarþjónusta Árnesþings óskar eftir starfsfólki til starfa við félagslega heimþjónustu í Uppsveitum og Flóa.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Almenn heimilisþrif
- Aðstoð við persónulega umhirðu

Helstu hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni til að starfa sjálfstætt
- Skilyrði að umsækjandi hafi reynslu af almennum heimilisstörfum
- Nauðsynlegt að hafa þökkalegt vald á íslenskri tungu.

**Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða.
Greitt er samkvæmt kjarasamningum FOSS.**

Umsóknarfrestur er til 25. apríl nk.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir í tölvupósti á
sigrun@laugaras.is
eða hafið samband í síma 480-1180



Ungmennaráð fundar með sveitarstjórn



Þann 4. apríl funduðu fulltrúar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps með sveitarstjórn. Fulltrúar ungmennaráðs á fundinum voru Embla Líf Guðmundsdóttir, Guðmundur Björgvin Guðmundsson, Helga Laufey Rúnarsdóttir, Jón Marteinn Arngrímsson, Kristberg Ævar Jóseppson og Sveinn Bergsson. Í ungmennaráði sitja einnig Harpa Jónsdóttir og Krístrún Urður Harðardóttir en þær höfðu því miður ekki tæk á því að mæta á fundinn.

Guðmundur Björgvin bar upp tvær tillögur, önnur fjallaði um að auka samstarf við Bláskógabyggð þegar kemur að félagslífi fyrir ungt fólk, hann nefndi að það mætti t.d. vera fleiri sameiginleg valfög í skólunum. Hin tillagan var um að auka opnunartíma í félagsmiðstöðinni Zetor. Félagsmiðstöðin er rekin af Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshrepp og ætti kostnaður við aukinn opnunartíma því ekki að vera mikill fyrir hvort sveitarfélag.

Jón Marteinn var með ábendingu um að það þyrfti að sópa götur og gangstéttir á Borg fyrr en gert hefur verið. Hann kom einnig með þá ábendingu fyrir hönd ungmennaráðs að mikilvægt sé að sveitastjórn ýti á eftir því að Biskupstungnabrautin verði löguð sem fyrst. Vegurinn er hættulegur öllum, ungum sem gömlum, og er að verða illfær fólksbílum. Sveitarstjórn tók tillögum og ábendingum vel og mun setja í viðeigandi farveg.